

SAMAN GETUM VIÐ MEIRA

SAMSKIPTASÁTTMÁLI
ANDABÆJAR

AÐGÁT SKAL HÖFÐ Í NÆRVERU SÁLAR

Samskiptasáttmáli Andabæjar

Markmið samskiptasáttmála/agastefnu Andabæjar:

Tilgangurinn með því að setja okkur agastefnu eða sáttmála er sá að búa börnum umhverfi þar sem þau vita til hvers ætlast er af þeim. Umhverfið verður skýrt, einfalt og kennarar fá gott tæki í hendurnar til að takast á við hegðun á jákvæðan hátt og búa þannig aðstæður fyrir börn þar sem traust, virðing og kærleikur ríkir.

Gott er að hafa í huga að orðið agi hefur verið notað í ýmiskonar merkingu en í okkar huga er agi, allar aðferðir sem notaðar eru til að kenna og breyta hegðun á markvissan hátt. Í leiðtogfræðunum er mikið lagt uppúr samskiptum og einnig gerður sáttmáli á milli barn og starfsfólks um reglur í daglegu lífi og þaðan kemur orðið samskiptasáttmáli. Mikilvægt er að heimili og skóli séu samtaka í að taka á málum og tali reglulega saman um árangur.

Mikilvægt er að reglur séu skýrar og ef þær eru brotnar þá séu afleiðingar samræmdar. Þannig verða áherslur í agamálaum alltaf eins dag frá degi. Að hafa sömu reglur fyrir alla skapar jafnræði í barna hópnum og hægt er að ganga að því vísu hvað afleiðingar hegðun barnanna hefur sem veitir öryggi og festu. Skýr rammi æfir barnið í því að hafa stjórn á sjálfu sér.

Mikilvægt er þó að hafa í huga að börn eru ólík og við verðum að mæta þeim þar sem þau eru stödd hverju sinni. Samræmdar aðferðir sem byggja á sömu agastefnu en veita jafnframt svigrúm til að kennarar fái að nota ólíkar kennsluáferðir.

Markmiðið okkar er að starfsfólk og börn sýni hvert öðru virðingu sem er lykillinn að góðum og jákvæðum samskiptum.

Við styðjumst við efnið „Uppeldi sem virkar færni til framtíðar“ frá miðstöð heilsuverndar barna (Gyða Haraldsdóttir sálfræðingur 2006) og námskeiðið: „Leikskóli fyrir alla; hagnýtar, einfaldar og jákvæðar aðferðir sem bæta hegðun og líðan barna og starfsfólks“, haldið hjá endurmenntun háskóla Íslands. Einnig höfum við tileinkað okkur ýmsar aðferðir sem hafa virkað vel í starfi leikskólans og notað leiðtogaverkefnið og vináttuverkefni Barnaheilla okkur til stuðnings.

Leikskólinn Andabær 2019

Samskiptasáttmáli Andabæjar

Forsenda þess að vinna í Andabæ:

Mikilvægasta af öllu er að mynda traust tengsl við öll börn, það getum við gert með augnsambandi, snertingu (á þeirra forsendum) og spjalli við börnin. Í Andabæ er tekið á móti öllum börnum með nafni og augnsambandi á morgnanna og í lok dags er hverju barni þakkað fyrir daginn. Í Andabæ eru öll börn okkar börn.

Njótum samvista við börnin og höfum gaman.

Uppeldisleg áhrif starfsfólks:

- Við berum virðingu fyrir börnum.
- Nýtum leikinn sem kennslutæki.
- Sýnum börnum umhyggju, hlýju og vinsemd.
- Fylgjumst með nýjum uppeldismálum.
- Höfum gaman af að starfa með börnum og finnum lífsgleðina með þeim.
- Vinnum á fræðilegum og faglegum grundvelli í uppeldisstarfinu.
- Veitum börnum hrós og hvatningu.
- Látum börnin finna að þau eru velkomin í leikskólann.
- Heilsum og kveðjum hvert barn/foreldri.
- Notum ekki skammir, refsingu að óþörfu eða gerum lítið úr börnum.
- Þvingum ekki barnið eða ásökum það.
- Tölum aldrei um börn eða aðstandendur þeirra í viðurvist barnsins.
- Við ávítum ekki barn ef eitthvað fer úrskeiðis hjá því.
- Vöndum málfar, notum íslensku.

Samskiptasáttmáli Andabæjar

Hegðun og viðbrögð.

Mikilvægt er að starfsfólk séu góðar fyrirmyndir

Árangursríkt er að gefa neikvæðri hegðun minnsta athygli, en vera dugleg að gefa hrós fyrir jákvæða hegðun eins oft og hægt er. **Grípa börnin góð**. Til að hvetja jákvæða hegðun þarf starfsmaður að vera tilbúinn að veita kærleiksríkt viðhorf. Verum óspör **á vingjarnlegt bros, klapp á kollinn, stökur um kinnar, taka blítt um axlir og knúsa börnin**. Munum þó að virða mörk barnsins ef það vill ekki knús, þá látum við nægja vingjarnlegt bros. **Starfsfólk þarf að gefa börnum tíma, setjast niður með þeim, spila við þau, tala við þau, hlusta á þau og lesa fyrir þau.**

Börn vita ekki sjálfkrafa hvaða hegðun telst „góð“ eða æskileg því þarf að kenna æskilega hegðun. Það er ekki víst að börn kunni að framkvæma þá hegðun sem ætlast er til af þeim, jafnvel þó þau átti sig á hver hegðunin er því þarf að æfa og kenna hegðunina. Margt getur haft áhrif á hegðunina t.d. kvíði, álag og ýmsar aðstæður sem barnið ræður ekki við/skilur ekki.

Starfsfólk þarf að vera meðvitað um eftirfarandi þætti til að taka á hegðun:

- Hvað hefur áhrif á hegðun barna?
- Hvernig lærist hegðun?
- Hvernig er hægt að kenna hegðun eða stjórna henni?
- Hvað er „góð“ hegðun og hvað er „slæm“ hegðun?

Gott er að skrá atvik sem verða til að skoða hvað veldur ákveðinni hegðun. Þá getur starfsfólk sameinast um hvernig skuli tekið á málum. Því ef við erum að veita umbun fyrir „ranga“ hegðun eru miklar líkur á að hegðun aukist.

Einnig er mikilvægt að gera sér grein fyrir hvað barnið er að reyna að fá fram með hegðuninni?

- Er það að fá athygli.
- Er það að forðast eða koma sér undan einhverju óþægilegu.
- Er það að fá eitthvað áþreifanlegt, t.d. einhvern hlut eða leikfang.
- Er það að kalla fram innri ánægju eða vellíðan.


Þegar skoða á, skilgreina eða útskýra tiltekna hegðun er gott að nota svokallaða A-H-A skráningu. **A-merkir aðdraganda hegðunar, H stendur fyrir hegðunina sjálfa, og seinna A á við um afleiðingar sem hegðunin kallar fram.**

Dæmi um skráningu A-H-A:

Bakgrunnsáhrifavaldar	Aðdragandi	Erfið Hegðun	Afleiðingar

Samskiptasáttmáli Andabæjar

Lögmál um hegðun „það sem við veitum athygli vex“



Aðferð til að kenna með fordæmi:

„Sýna, segja, hvetja og hrósa.“

1. **Sýna og benda barninu á fordæmi**, að benda barninu á þegar viðkomandi hegðun eða færni er sýnd, draga athygli þess að henni, „sjáðu hvernig ég...“
2. **Hvetja barnið til að sýna sömu hegðun**, að leita uppi tækifæri og skapa aðstæður þar sem hægt er að hvetja barnið til að sýna sambærilega hegðun. Mikilvægt er að passa upp á að barnið fái oft möguleika á að sýna hegðunina, æfa sig.
3. **Hrósa barninu þegar það sýnir þessa hegðun** – ýta undir að það æfi sig. Veita eftirtekt og gefa svörun, t.d. með hrósi þegar barnið hegðar sér rétt eða sýnir viðleitni í rétta átt. „grípa þau góð“.
4. **Gefa barninu fyrirmæli um að sýna hegðunina**, fyrirmæli um að ætlast sé til að það sýni slíka hegðun, t.d. „nú skalt þú segja takk“ „klæddu þig í peysuna.“
5. **Nota viðurlög þegar barnið hlýðir ekki fyrirmælum** ef þetta er ekki nóg og illa gengur að hafa stjórn á gagnstæðri og óæskilegri hegðun, mætti ákveða að nota viðeigandi viðurlög þegar barnið sýnir ekki þessa hegðun. Missir fríðindi eða einvist.

Samskiptasáttmáli Andabæjar


Að fyrirbyggja erfiða hegðun:

Starfsfólk í Andabæ reynir eftir fremsta megni að fyrirbyggja erfiða hegðun, taka eftir þegar börnin hegða sér vel og ýta undir þá æskilegu hegðun með jákvæðri svörun. Mikilvægt er að gefa skýr fyrirmæli og fylgja þeim eftir og segja börnum hvað þau **eiga að gera** en ekki hvað þau eiga ekki að gera. Sum börn eiga erfitt með að fara eftir fyrirmælum. Hægt er að auka líkurnar á því að þau fylgi fyrirmælum með því að hafa eftirfarandi í huga:


1. Haltu **fjölda fyrirmæla í lágmarki**. Gefðu barninu val þegar það er hægt „*hvort viltu fara í rauðu peysuna eða bláu peysuna*“
2. Færðu þig **nálægt** barni. Ekki kalla á það yfir allan hópinn.
3. Náðu **athygli** þess, helst augnsambandi en þó ekki skilyrði, ef barn vill ekki horfa er hægt að segja fyrirmælin beint í eyra barnsins.
4. Talaðu **rólega** en ákveðið. Gættu þess að hækka ekki röddina og nota ekki hótunartón.
5. Segðu barni **hvað það á að gera**. Betra að orða fyrirmælin á jákvæðan hátt frekar en að segja barninu hvað það á ekki að gera. Dæmi: „*hengdu upp úlpuna þína á snagann*“ frekar en „*ekki henda úlpunni á gólfid*“
6. Orðaðu fyrirmælin á **skýran** hátt. Tiltaktu nákvæmlega hvað barn á að gera. Dæmi: „*sestu á stólinn og hafðu hljótt*“ frekar en „*vertu þægur*“, „*fyrst þvout við hendur og svo förum við að borað*“
7. Gættu þess að nota ekki spurningu í fyrirmælum. Þegar þú ætlast til að barn geri eitthvað tiltekið ættirðu ekki að spyrja eða biðja það um að gera það. Þá ertu að gefa barninu val um að segja „*nei*“ Dæmi: „*má bjóða þér að setjast?*“ eða „*viltu taka saman dótið?*“ býður barni að segja „*nei takk*“. Betra væri að segja „*Nonni, gjörðu svo vel að fá þér sæti*“ eða „*Guðrún, sestu niður*“
8. Gættu þess að gefa **ekki of flókin fyrirmæli**. Mikilvægt er að barn skilji fyrirmælin og sé fært um að fylgja þeim eftir. Ef þú ert ekki viss um að barnið skilji hvað þú ert að meina **einfaldaðu þá fyrirmælin** eða skiptu þeim niður í nokkur þrep. Dæmi: „*gakktu frá dótinu, þvoðu þér um hendurnar og klæddu þig síðan í útifötin*“ gætu verið of flókin fyrirmæli fyrir barn sem á erfitt með að fylgja fyrirmælum eftir eða muna hvað það á að gera. Betra er að skipta löngum fyrirmælum niður í smærri þrep og hrósa barni fyrir að fylgja hverju þeirra.
9. **Fylgdu eftir fyrirmælum**. Meðan barn er að læra að fylgja fyrirmælum er mikilvægt að fylgja þeim eftir. Eftir að þú hefur gefið barni fyrirmæli (**fyrsta tilraun**) fylgstu þá með hvort barnið fylgi þeim eða ekki. Gefðu barni nokkrar sekúndur til að hlýða. Ef barnið fylgir fyrirmælum láttu það vita að það hafi staðið sig vel, t.d. með hrósi, þökkum eða látbragði sem sýnir því að þú kunnir vel að meta að það hlýddi. Ef barn fylgir ekki endurtaktu þá fyrirmælin (á sama hátt og áður **2. tilraun**) ef barn hlýðir veittu því jákvæða athygli, eins og ef það hefði hlýtt strax. Þetta er mjög mikilvægt. Alls ekki skamma barn fyrir að hlýða ekki í fyrra skiptið, t.d. með því að segja „*það var mikið, af hverju hlýddir þú ekki strax*“? ef barn hlýðir ekki enn (**þriðja tilraun**) segðu fyrirmælin í þriðja sinn og stýrðu barni í að gera það sem fyrirmælin sögðu til um. Gerðu það á rólegan og yfirvegaðan hátt og hrósaðu barninu ef það gerir það sjálft.

SEGJUM BÖRNUM HVAÐ ÞAU EIGA AÐ GERA Í STAÐ ÞESS HVAÐ ÞAU EIGA EKKI AÐ GERA


Fyrsta tilraun:



Önnur tilraun:



Þriðja tilraun:



Samskiptasáttmáli Andabæjar

Sáttmáli/Reglur:

Mikilvægt er að starfsfólk hafi samræmdar reglur eða sáttmála, það auðveldar margt í starfi með börnum. Gott er að börnin fái að taka þátt í að búa til deildarsáttmála/reglur deildarinnar á hverju hausti og að þær séu skrifaðar upp og hafðar sýnilegar. Þá er mikilvægt að farið sé yfir þær reglulega svo allir séu með þær á hreinu. Ef reglurnar eru skýrar, sanngjarnar og þeim fylgt eftir eru börn yfirleitt fljót að læra og virða þær og sætta sig við þær.

- Reglur ættu að vera fáar, einfaldar og það skýrar að ekki fari á milli mála hvað barnið á að gera eða gera ekki. T.d. **óskýrt** „*það á að vera góður í matartímanum*“ **skýrt** „það á að sitja við borðið og borða matinn sinn.“
- Börn hafa ánægju af því að fá að taka þátt í að ákveða reglur, („þetta er okkar deildarsáttmáli“) þó á ekki að leyfa þeim að ráða ferðinni alveg eða velja óskynsamlegar reglur. Hins vegar verða þau jákvæðari gagnvart þeim reglum sem þau hafa sjálf hjálpað til við að setja. Börnin geta búið til nokkrar og starfsmenn nokkrar „í sameiningu.“
- Gott er að reglur séu sýnilegar t.d. settar á vegg inni á svæðum. Einnig má nota eitthvað sjónrænt til að minna á reglurnar. T.d. myndir eða ták.
- Reglum verður að vera hægt að framfylgja. Þetta þýðir að barn verður að hafa þá getu og skilning sem þarf til að fylgja reglunni. Einnig að sá fullorðni geti fylgst með hvort reglunni er fylgt eða ekki og hafi getu, nennu og þolinmæði til að gefa barninu viðeigandi svörun um hvernig því gengur að fylgja reglunni.
- Tryggja þarf að barnið viti hvað það þýðir að halda reglur. Barnið á að geta fundið jákvæðar afleiðingar þess að fylgja reglu, t.d. með því að fá hrós eða aðra umbun fyrir að fylgja reglu. Einnig þarf að vera skýrt hvaða afleiðingar eru ef þeim er ekki fylgt.
- Gott er að geta bent á regluna og gefa þannig fordæmi þegar einhver fer eftir reglu, t.d. „sjáðu, Nonni sagði takk, hann fylgdi reglunni um að vera kurteis.“
- Nauðsynlegt er að minna þau á reglurnar annað slagið. Þetta er t.d. gott áður en farið er í gönguferð eða í salinn þá er hægt að spyrja „hvernig voru aftur reglurnar í salnum“ eða munið þið reglurnar í gönguferðinni?
- Mikilvægt er að við fullorðnu fylgjum reglum.

Samskiptasáttmáli Andabæjar

Umbun/hrós:

Umbun virkar hvetjandi á hegðun hvort sem slíkt var ætlunin eða ekki, því er mikilvægt að umbuna fyrir rétta hegðun eða „grípa börnin góð“, hrósa/umbuna þegar þau sýna æskilega eða hlutlausa hegðun. Allir vilja fá svörun frá öðrum um það sem þeir eru að gera, sérstaklega þegar verið er að leggja sig fram. Ef börn fá ekki svörun við hegðun er hætt á að þau viti ekki til hvers hinn fullorðni ætlast af þeim. Þegar við erum að tala um umbun eða hrós erum við í leiðinni að styrkja hegðun og auka líkur á að hegðun endurtaki sig. Óþarfi er að hrósa stöðugt, þar sem það getur truflað barn í leik en þá er hægt að nota jákvæða svörun með léttri snertingu og síðan hrós þegar barnið tekur sér pásu.

Nokkrir algengir punktar um notkun umbunar/hrós

- Látið barnið vita fyrir hvað umbunin er, nota lýsandi hrós, þannig að það felist í orðunum fyrir hvað er verið að hrósa.
- Umbuna strax svo tryggt sé að barnið tengi umbunina við rétta athöfn, dragist umbunin gæti óvart einhver önnur hegðun styrkst.
- Passa að umbuna ekki óvart, t.d. með skömmum sem geta virkað sem athygli.
- Ekki láta umbun koma í kjölfar slæmrar hegðunar.
- Veita umbun fyrir hlutlausa hegðun „grípa börnin góð“.
- Ekki hrósa og skamma í sömu andrá, það skemmir hrósið og gefur tvöföld skilaboð.
- Þegar verið er að kenna nýja hegðun þarf að umbuna oft. Þegar hegðun hefur lærst er nóg að veita umbun stundum til að viðhalda hegðuninni.

„Að grípa börnin góð“ þýðir að starfsfólk taki eftir bæði jákvæðri og hlutlausir hegðun barna, þ.e. allri hegðun sem er æskileg, og að jákvæð svörun sé gefin fyrir þessa hegðun. Þess vegna er mikilvægt að eyða mikilli orku í að hrósa öllum hópnum í stað þess að veita þeim neikvæða athygli sem sýna óæskilega hegðun. Þannig getum við gert það eftirsóknarvert að láta daginn ganga vel því þá fá börnin svo mikla **jákvæða athygli frá starfsfólki**

Mikilvægt er að hrós eða umbun komi strax í kjölfar hegðunar. T.d. er áhrifaríkara að hrósa barnahóp fyrir dugnað við að taka til á meðan þau eru að taka til, heldur en í ávaxtastund á eftir. Áhrifamátturinn dvínar eftir því sem lengra líður á milli hegðunar og umbunar/hrós.

Dæmi: „flott hjá þér að klæða þig sjálf“ „já þetta er gott, svona áttu að gera, þetta má, þetta vil ég sjá“ „flott hjá þér að smakka hrísgrjónin“ „þér gengur vel að drekka vatnið“

Veita athygli með tákn: þumall upp, klappa lófum, vink, bros, blikk, nikka kolli, gefa barni fimmu, leyfa barni að bjóða ávexti...

Veita athygli með snertingu: knús, klapp á kollinn, létt snertingu á öxlina, kinn eða bak....

Ég sé að þú ert búinn að vera mjög duglegur að teikna á blaðið, viltu segja mér frá myndinni...

Kennari sem beygir sig niður til barnanna og ræðir við þau augliti til auglitis gefur til kynna að börnin skipta máli og að það sé tekið mark á þeim.

ÞAÐ VILJA ALLIR LÁTA TAKA MARK Á SÉR.

Samskiptasáttmáli Andabæjar

Að nota viðurlög, refsingu eða stýringu:

Misjafnt er hvaða orð við notum þegar barn sýnir ekki þá hegðun sem við erum búin að reyna að kenna þeim. Ef barn er ekki að fara eftir fyrirmælum og sýnir óæskilega hegðun, þarf að beita einhverskonar viðurlögum. Starfsfólk þarf að vera samtaka í vinnubrögðum og passa þarf að viðurlög séu ekki háð reiði, þirringi, þreytu eða duttlungum starfsfólks. Heppilegast er að er að hafa þessi atriði skráð. Ef verið er að vinna með eitthvað sérstakt hjá barni er gott að allir í leikskólanum viti af því svo allir bregðist eins við. Viðbrögð við hegðun er þá tekin fyrir á deildarstjórafundi og síðan er það á ábyrgð deildarstjóra að koma boðun til síns starfsfólks. Hlutverk viðurlaga er að draga úr líkum á endurtekningu tiltekinnar hegðunar og helstu aðferðirnar eru:

- Að hunsu neikvætt atferli.
- Að láta barn í einvist/missa af.

Hunsun:

Hunsun er árangursrík aðferð og felur í sér að gæta þess að tiltekin hegðun fái ekki umbun. **Þetta er gert með því að veita hegðuninni enga athygli eða sýnilega svörun.**

Hunsun hentar ekki þegar barnið sýnir sér eða öðrum skaðlega hegðun og einnig er mikilvægt að hafa í huga að þar er hegðun barnsins sem er hunsuð meðan hún varir, ekki barnið sjálft. Forsenda þess að hunsun skili árangri er sú að barnið fái næga athygli og umbun þegar það sýnir æskilega eða hlutlausu hegðun.

Dæmi: Þegar barn vill ekki ganga frá kubbunum í lokin. Starfsmaður er þá búinn að gefa fyrirmælin um að nú eigi að taka saman. Starfsmaður veitir þeim börnum athygli sem eru að taka til og hrósar þeim t.d. með því að gefa fimmu. Þannig gerir hann það eftirsóknarvert að taka til. Um leið og börnum sem fara að ganga frá fjölgar grípum við tækifærið og hrósum þeim fyrir. Hunsunin gengur út á að veita óæskilegri hegðun ekki athygli. Mikilvægt er að hvorki svara eða skamma barnið, t.d. með „ég er margbúin að segja þér þetta“ eða „hættu strax að væla“ þar sem þetta veitir athygli, virkar því sem umbun, og ýtir undir hegðun barnsins frekar en að draga úr.

Hafa ber í huga að þegar tekið er til við að hunsu ákveðna hegðun barns sem áður hefur kallað fram einhvers konar umbun, þá er líklegt að hegðunin aukist í fyrstu. Barn sem hefur reynt af því að fá sínu framagengt með ólátum mun líklega færast í aukana fyrst þegar það verður fyrir því að hegðun þess er hunsuð. Haldi starfsmenn hins vegar út, sýni staðfestu og hunsu hliðstæða hegðun barnsins í hver skipti lærir barnið fljótlega að hegðunin skilar ekki árangir og hættir.

Einvist/missa af:

Stundum ruglast börn ítrekað og þá geta þau misst af ákveðnum aðstæðum tímabundið. Til að tryggja að börn fái ekki umbun fyrir tiltekna hegðun eru þau tekin útúr þeim aðstæðum sem þau eru í. Markmiðið er að nota ávallt lágmarks inn grip og því byrjum við alltaf á að hrósa. Lykilatriði er að hrósa fyrir æskilega hegðun. Þegar það dugar ekki þá grípum við í það að missa af eða einvist.

Það sem starfsfólk gerir ekki:

Að hæðast að barninu og niðurlægja það.
Að nota svívirðingar, skammir og hótanir.
Að nota of harðar refsingar.
Að refsa í reiði.
Að refsa óvart fyrir æskilega hegðun, t.d. með því að hunsu hana.

Samskiptasáttmáli Andabæjar

Dæmi: Þegar barn tekur ítrekað bolta af öðru barni í sal. Aðrar inngripsminni aðferðir hafa ekki skilað árangir þá segir kennari barninu að nú sé það búið að missa af salnum. Starfsmaðurinn fer með barnið í aðrar aðstæður t.d. út fyrir sal. Starfsmaður þarf að hafa í huga að aðstæðurnar sem barnið fer í séu ekki eftirsóknarverðar, svo hann láti ekki eftirsóknaverðar afleiðingar fylgja í kjölfar óæskilegrar hegðunar það er algjört lykilatriði að tíminn sem barnið missir af sé stuttur því við viljum gefa því tækifæri á að reyna aftur og láta **ganga vel**. Gott að miða við 10-30 sek, það skiptir líka miklu máli að hegðun barnsins hafi ekki áhrif á það hvenær það fær að fara aftur inn í aðstæðurnar. Starfsmaðurinn stjórnar því hvenær barnið fær að reyna aftur. Það er gert til þess að barn geti ekki sýnt óæskilega hegðun á borð við mótmæli og fengið í staðinn að fara fyrir í aðstæðurnar.

Stundum hentar barni að fara í **hendi**, t.d. í aðstæðum þar sem starfsmaður hefur ekki kost á að vera kyrr á einum stað, svo sem úti eða inni í sal. Þegar barn er í hendi þá leiðir það starfsmann og missir af þeim aðstæðum sem hin börnin eru í, í stutta stund og fær síðan tækifæri á að reyna aftur og láta ganga betur. Mikilvægt er að kennarinn fari ekki og sinni eftirsóknarverðu verkefni á meðan barn er í hendi, því það getur verið styrking á óæskilegu hegðunina sem barnið var að sýna. Best er að vera á hlutausum stað svo að það verði eftirsóknarvert fyrir barnið að fara aftur til krakkanna og láta gagna betur. Þennan kost er mjög gott að nýta í útiveru.

Við notum einungis einvist eða hlé sem **síðasta úrræði**, þegar aðrar aðferðir hafa verið reyndar en skila ekki árangir. Hlé/einvist er yfirleitt notað þegar um er að ræða andfélagslega eða hættulega hegðun. Þegar hlé er notað er það gert á markvissan hátt og í samráði við sérkennslustjóra. Barnið þarf að fá kennslu í því hvernig hlé eða einvist fer fram, hvernig klukka virkar (ef tímavaki er notaður) og fleira. Áður en gripið er í einvist er búið að nota **HRÓS-KENNA RÉTTA HEGÐUN-HUNSUN-MISSA AF-HLÉ/EINVIST**.

Það sem þarf að varast:

Það sem starfsfólk þarf að varast við uppeldi barna:

- Skortur á eftirfylgni og því að vera sjálfum sér samkvæmur. T.d. ef barni er ekki veitt umbun eða viðurlög nema stundum fær það ekki nægilega mörg tækifæri til að læra það sem ætlast er til.
- Skortur á samkvæmni á milli uppálenda. Ef starfsmenn eru ekki samtaka t.d. um hvaða reglur gilda fær barnið misvísandi skilaboð um hvað má og hvað ekki.
- Að draga of lengi að bregðast við. Starfsfólk eru ekki alltaf nógu fljótir að veita viðeigandi svörun og það minnkar árangur af aðgerðum.
- Að kröfur og væntingar séu of miklar fyrir aldur og þroska barnsins. Stundum gerir starfsfólk meiri kröfur til barna en sjálfs síns.
- Að spyrja í stað þess að gefa bein fyrirmæli.
- Að tuða og hóta, án þess að fylgja málum eftir. **Tuð skilar ekki** árangri og ýtir bara undir pirring bæði barna og starfsfólks. Hótanir eru ekki heppilegar og ber að varast, enda fela þær oft í sér eitthvað sem ekki er hægt að standa við.
- Að missa stjórn á skapi sínu og láta það ráða hvað er leyft og hvað ekki og hvaða aðferðum er beitt.

Samskiptasáttmáli Andabæjar

Það sem skiptir megin máli í uppeldi:

- **FÖRDÆMI**-mikilvægt er að vera meðvitaður um eigin hegðun sem er barninu stöðug fyrirmynd
- **SKIPULAG**-uppeldi í nútímasamfélagi krefst fyrirbyggju, framtíðarsýn, skipulagningar og samstarfs uppálenda.
- **KENNSLA ÆSKILEGRAR HEGÐUNAR**- nauðsynlegt er að kenna börnum markvisst þá hegðun sem ætlast er til að þau sýni.
- **JÁKVÆÐAR AÐFERÐIR**- leggja áherslu á að taka eftir og gefa jákvæða svörun við góðri hegðun og ýta þannig undir hana.
- **EIGIN FÆRNI**-muna að nauðsynlegt er að leggja rækt við sjálfan sig til að styrkja og efla getu og færni sína sem uppálendi.

Verum leiðbeinandi og segjum hvað er í boði – ekki nota ekki.

Lýsandi hrós t.d. fyrir góð samskipti „ þú ert flink að nota orðin þín“ við hrósum öllum eða engum (skiljum ekki útundan) grípum börnin góð og notum aðstæður til að fyrirbyggja erfiða hegðun.

Tökum á því sem við viljum sjá og að gerist aftur☺hér eru hugmyndir af orðalagi sem við getum notað☺

Gengur betur næst.

Gerum gott úr öllu.

Þetta gerist á bestu bæjum.

Láta ekki trufla sig og trufla ekki aðra – góð æfing og hrósa fyrir.

Einbeittu þér.

Frábært hjá þér að ..

Notaðu fallegu orðin þín.

...þá gengur þér betur.

Þú kannt að haga þér.

Sýndu kurteisi.

... „horfðu á mig“ þá gengur þér betur.

Æfingin skapar meistarann.

Ég skal aðstoða þig, ég er svo flink/ur að aðstoða.

Þú stjórnar þínum

höndum/líkamanum/skapinu þínu.

Það er í boði fyrir þig að...

Gengur vel hjá þér að...

Passaðu orðin þín.

Gleymdi ég að aðstoða þig?

Góð æfing fyrir þig, þér finnst svo erfitt að...

Ég hjálpa þér...

Hraðar hendur.

Inniröddin í boði.

Gaman hvað þér gengur vel að

Til að þú getir... þarftu að...

Til að þér gangi betur skaltu....

Nú ertu að ruglast.